

Rb-umsögn nr.: U15-06

Gildistímalok: 7. janúar 2023

## - Rb-UMSÖGN -

---

<b>Vörulýsing:</b>	Olíuskiljur úr pólýetyleni (PE) fyrir léttu vökva, svo sem olíur og bensín.
<b>Vöruheiti:</b>	Olíuskilja 1000 og 1000-U, 1200 og 1200-U, 1400 og 1400-U alls sex gerðir.
<b>Umsagnarhafi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Framleiðandi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Staðfestingargögn:</b>	<i>Yfirlýsing um nothæfi</i> , útgefin af framleiðanda, dags. 22. október 2015, í samræmi við vörustaðalinn ÍST EN 858-1:2002/A1:2004, sem er samhæfur evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, sbr. fylgiskjal.

---

### Laga og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: **1.** Byggingareglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1. **2.** Lög um byggingarvörur, nr. 114/2014. **3.** Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

---

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Á sérhverri skilju skal vera auðfundin merkiplata þar sem skýrt kemur fram: auðkenni framleiðandans, númer ofangreinds staðals, flokkur (I eða II), nafnstærð, rúmmál skiljunnar og fastefnaskiljunnar, olíugeymslurými, hámarksdýpt geymslurýmisins og framleiðsluár; þá skal **CE-merkið** vera greinilegt.
  - Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast ekki tilkynnts aðila né almennt óháðs vottunaraðila og samkvæmt því er ekkert vottorð gefið út.
  - Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri *Yfirlýsingu um nothæfi*.
  - Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir olíuskiljur til umræddra nota.
  - Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem olíuskiljurnar eru staðsettar.
- 

### Umsagnarorð


Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem olíuskiljur. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar. Umsögn þessi er framlenging á gildistíma Rb-umsagnar nr. U15-06 útg. 10. nóvember 2015.

---

**Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.**

---

Útgáfudagur framlengingar: 7. janúar 2020



Olafur H. Wallevik,

Forstöðumaður Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins

**FYLGISKJÖL:** Yfirlýsing um nothæfi (ein bls.).